

Ágætu Dalamenn og nærsveitungar!

Ég vil bjóða ykkur öll velkomin til hátíðar og baráttufundar í tilefni af 1. maí.

Héðan úr Dölunum sendum við óskir um farsæld og frið til systra og bræðara um allan heim.

Það eru Stéttarfélag Vesturlands, hinn forni Valur, Kjölur og Sameyki stéttarfélög í almannabjónustu, sem koma saman að þessum fundi.

Hér verður enginn krafinn um félags- eða flokksskírteini eða rukkaður fyrir kaffið.

Stéttarfélögin hafa komið sér saman um að slagorð dagsins verði:

Sterk hreyfing – sterkt samfélag!

Ég hef verið mjög hugsí sítustu daga vegna þessara orða .

Ég hef áhyggjur af því að þarna séum við að reyna að telja okkur trú um eitthvað sem ekki stenst.

Hvað þýða þessi orð?

Erum við sterk?

Hvað hefur orðið um samfélagið?

Sem barni var mér innrætt að ef einhver þyrfti aðstoð þá átti að veita hana orðalaust.

Afi minn Marteinn Sigurðarson bóndi í Yztafelli í Kinn var í mínum huga táknmynd hins góða og gjöfula manns. Komst næst því að vera kristur. Hann var fæddur 1892. Faðir hans var einn af stofnendum Kaupfélags Þingeyinga og Sambandsins. Við Sambandssúluna bjuggum við frækurnar til drullukökur og skreyttum með sóleyjarblómum.

Ég sem kom úr kaupstaðnum þar sem fólk átti vart málungi matar, eftir að síldin hvarf og kóngarnir með, ég fékk nóg að borða hjá honum afa sem í mínum huga var milli.

Hann átti skepnur, hús og lönd. Ræktaði skóg, veiddi út ánum sínum og ræktaði garðinn með kartöflum og káli. Amma Kara bakaði besta rúgbrauð í heimi, hún átti súrdeig í leirkönnu. Volgt rúgbrauð með þykku smjöri og sykri ofaná, var í huga 7 ára stúlku það besta sem hægt var að fá. Þetta barn þekkti ekki Cocopuffs eða Candy floss.

Væri maður eitthvað **leiður** í sveitinni koma amma með tölubaukinn sinn, barnið fór að raða tölunum eftir stærð, lit, voru götin tvö eða fjögur, eða voru þetta e.t.v. hnappar?

Svo voru sumar úr málmi, aðrar úr tré aðar postulíni og svona voru möguleikarnir óteljandi.

Hún amma mín kenndi mér að hafa gaman að tölum!

Seinna velti ég því fyrir mér hvort að strax þarna hefði ég lært að við erum öll alskonar eins og tölurnar.

Afi kenndi mér þennan skilnig á lífinu:

Þú þarft að vera hagsýnn til að geta verið rausnarlegur!

Þessi tvö sumur sem ég dvaldi í sveitinni hjá afa og ömmu lögðu grunn að skilningi mínum á menningu landsmanna. Ég fór frá Siglufirði í byrjun maí með flóabátnum Drangi til Akureyrar. Skarðið var enn ófært og þá voru engin göng í gegnum fjöllin.

Eitt af því fyrsta sem ég man eftir að hafa tekið þátt í sem raunverulegu hjálparstarfi afa í sveitinni, var að fara með hlaðna vagna af heyi og moka í hlöðu hjá bónda sem ekki átti nægilegt hey. Sá var að hefja búskap og kunni lítið til verka, sagði sá gamli.

Skepurnar þurfa fóður og verða ekki látnar svelta!

Svo heldur fólk að mér sé illa við bændur – **fátt er fjær sanni!**

En hvers vegna er ég að rifja upp 60 ára gamlar sögur úr sveitinni hennar mömmu.

Jú það eru þessi slagorð - sterk hreyfing – sterkt samfélag

Eftir að hafa starfað í verkalýðshreyfingunni í 50 ár, geri ég mér ljósa grein fyrir því að það samfélag sem við höfum byggt upp er ekki sterkt, það er í raun mjög brothætt.

Við þekkjum öll hugtökin ”**Brothættar byggðir**” sem þið hér í Dölunum hafið snúið upp í hið frábæra slagorð ”DalaAuður”

Ég er ykkur sammála um það að betra er að takast á við ”vandann” sem verkefni til að leysa saman og finna það jákvæða en ekki mikla fyrir sér það sem er neikvætt.

Tala um tækifæri til að grípa.

Í um það bil 10 ár var ég formaður Atvinnuálagnefndar ASÍ. Þegar ég tók við því verkefni bjó ég norður á Siglufirði og það tók mig 14 tíma að ferðast með almenningsgöngum til Borgarinnar á fundina, sem fóru yfirleitt fram í höfuðstöðvum ASÍ þar sem nú heitir Guðrúnartún.

Það var rúta á Krókinn sem fór kl. 7 af stað, flug í Borgina svo var fundað, Flug norður á Krók og þaðan rúta á Sigló og ég var komin heim ca. kl. 9 um kvöld ef allt gekk vel. Hefði ég valið að aka, er vegalengdin tæpir 800 km og þá hefði ég oft þurft að gista í Borginni. Það sátu með mér í nefndinn menn sem komu **af Stórhöfðanum og kvörtuðu undan vegalengdinni** sem þeir þyrftu að aka á fundarstaðinn.

Á þessum árum las ég ógrynni af skýrslum Byggðastofnunar um Byggða áætlanir, þær voru endurnýjaðar reglulega og við nefndarmennirnir vorum frædd um **ymsar hugmyndir** um hvernig hægt væri að byggja landið upp. Félagar mínir í hreyfingunni horfðu oft á mig stórum augum þegar ég benti á að við löguðum ekki þetta samfélag nema að við gerðum það sjálf. Sá tími að stjórnvöld kæmu með skuttogara í hvert byggðarlag, þar sem bæjarútgerðin færi svo á hausinn, gengið yrði felld og almenningur byrjaði upp á nýtt, **sá tími væri liðinn og hefði** ekki skilað okkur fram á veginn. Ég kom úr eina byggðarlaginu á landinu sem hafði þolað viðvarandi atvinnuleysi árum og áratugum saman, þar sem fólkinu fækkaði stöðugt Verkalýðsfélagið sem ég veitti forstöðu var **í þeirri stöðu** að einungis öldruðum og öryrkjum fjölgaði, greiðandi félögum fækkaði jafnt og þétt.

Fólksflótti út dreifðum byggðum, hefur verið frá því að þéttbýlisstaðir fóru að myndast fyrir meira en 100 árum. Atgervisflótti er hugtak sem fáir vilja nefna í þessu sambandi, en er samt staðreynd. Það hefur engann tilgang að berja höfðinu við steinin og neita að sjá skaðann sem fylgir því þegar unga fólkið fer "suður" í nám og kemur ekki aftur.

50 þúsund Íslendingar eru víðs vegar um heiminn, sumir í námi, aðrir að leita að betra lífi.

En hvað er til ráða?

Það þarf að halda á lofti kostum byggðanna og laða fólk að í "**samfélögin**" tala um gæðin sem felast í því að skipta máli og vera sjálft hreyfiaflið sem hefur áhrif.

Ættum við að tala um samgöngur?

Þá langar mig að vitna í hinn afa minn, sem ég kynntist aldrei. Hjálmar Kristjánsson öskukarl á Siglufirðri, fyrrum bónda úr Þingeyjarsýslum. Hann var fæddur 1877 en dó í ársbyrjun 1959 þegar ég var 1 og hálf árs.

Fyrir nokkru var athygli mín vakin á blaðagrein sem gamli bóndinn skrifaði og var birt í bæjarblaðinu Einherja 12. sept 1935. Þar er að finna þessa setningu:

Langt er síðan ég heyrði að menning og manndómur hveðrar þjóðar sæist best á því, hvað greiðar samgöngur væru á sjó og landi. Hér eru stór sannindi sem ekki verða hrakin; sannindi sem ýta fjöldanum saman til samstarfs og dáða; sannindi er lyfta Grettistöfum fyrir aldna og óborna.

Í greininni fjallar hann svo um nauðsyn þess að leggja veg yfir Siglufjarðarskarð og tengja fjörðin vestur í Fljót. Hann segir líka að hann sé að verða gamall maður, þá 58 ára, þó ekki svo að hann geti ekki séð **hugsjónir sínar rætast**. Þegar hann skrifar þessa grein eru 10 ár

frá því kaupfélagsmafían hjá KB á Húsavík, hrakti hann og fjölskylduna til Siglufjarðar á **mölinu og í grútinn**. Kaupfélögin gerðu ekki bara gott.

En hvað tengir Hjálmar í Skúrnum við samgöngurnar og Dalina?

Jú, það eru meira en 30 ár síðan ég fór hring um Vestfirðina. Fór á lödujeppa með mágkonu minni og þremur af fjórum börnunum mínum, við ókum norður frá Brú til Hólmavíkur og svo yfir Steingrímsfjarðarheiði og á Ísafjörð, fórum þaðan suðureftir **til Brjánslækjar** og yfir Breyðafjörðinn með Baldri. Við fórum þetta á fjórum dögum og hefðum þurft mun meiri tíma til að geta skoðað okkur um. Svo fór mágkonan með rútu í Borgina en ég og börnin **fórum Skógarströndina og Bröttubrekkuna á Þjóðveg 1**. Það tók mig 25 ár að **manna** mig upp í að leggja aftur í svona leiðangur, vegakerfið var og er algjör hörmung.

Ég sagði oft eftir þessa ferð á **löduinni**, við kunningja mína á Sigló, sem eru að kvarta yfir Lágheiðinni: **Hvað erum við að kvarta?** Það væri holt fyrir þá sem aldrei hugsa lengra en að næstu mislægu gatnamótum að heimsækja t.d. **Finnboga Sveinbjörns** formann Verk Vest, reglulega á Ísafjörð, já og reyndar mættu menn koma á fleiri góða staði á landsbyggðinni og kynna sér þær aðstæður sem þar eru í samgöngumálum. **Fáfræði skapar tortryggni og fordóma jafnt í samgöngumálum sem öðrum málum.**

En hvað er til ráða, eigum við að láta stjórnámamenn komast upp með að skattleggja almenning, leggja álögur á bensín og olíur, rukka km. gjald á rafmagnsbíla, en nota svo ekki peningana í vegina.

Hvað er að eyðileggja vegina hér í Dölunum?

Áralöng vanræksla á viðhaldi og þungaflutningar sem þessir vegir eru ekki gerðir fyrir. Hvers vegna eru fyrirtækin sem nú starfa t.d. í fiskeldinu og hafa verið **hin umdeilda byggðabjörgun** fyrir Vestan, meira að segja umhverfisvænir vinstri grænir loka báðum augum fyrir mengun og eyðileggingu, til að bjarga atvinnu fyrir aðflutt vinnuáfl á Vestfjörðum. Við hugsum ekki allt til enda.

Hvers vegna eru ekki sóttir fjármunir í vegagerð þangað sem fjármunir eru til. Það eru nægir fjármunir til í þessu landi, en stjórnámamenn eru alltaf til í að leggja álögur á almenning en ekki má skattleggja atvinnulífið, ekki setja **íþyngjandi reglur eða hömlur** á frelsi viðskiptalífsins til athafna **eða til að græða**. Kaupfélögin, KS hefur hagnast á fjórum árum um 18 milljaraða svo dæmi sé tekið.

Við búum í þessu landi tæplega 400.000 mannvörur og í meira en 60 sveitarfélögum. Stéttarfélögin eru einhver hundruð, bara í Alþýðusambandinu eru þau tæplega 50.

Smákóngar út um allt. Við þurfum að finna leiðir til að vinna saman. Sameina sveitarfélög, sameina stéttarfélög og leggjast öll á árarar, aðeins þannig getum við skapað samfélög.

Fyrir margt löngu átti ég sæti í því sem hét **Svæðisstjórn málefna fatlaðra á Norðurlandi Vestra**. Þá vorum við sannfærð sem þar vorum að vinna að málum, að til þess að málaflokkurinn gæti starfað og þjónustað fólk með fötlun, þyrfti upptakasvæðið að vera að minnsta kosti 25.000 íbúar. Sóttum þá fyrirmynd til Noregs. Þar eru menn nú að stefna á að engin sveitarfélög verði minni en 3.000 íbúa, ég er reyndar rótækari og held því fram að hér á landi eigi bara að vera 8 til 10 sveitarfélög. Eftir að hafa fylgst með flutningi málefna frá ríki til sveitarfélaga **sem á engan hátt ráða við verkefnin**, þá finnst mér að rétt sé að hugsa þetta upp á nýtt hjá okkur.

Að mínu mati er t.d. eina leiðin til að fá Skógarströndina lagfærða, að Dalirnir og sveitarfélögin á Snæfellsnesinu sameinist. Að öðrum kosti verður þetta ástand eins næstu 30 árin. Trúið mér, ég veit hvað þurfti til að fá Héðinsfjarðargöngin. Við gætum líka horft á Skógarströndina sem náttúruminjar eins og Lágheiðina fyrir norðan, lagt áherslu á sameiningu við Borgarbyggð og göng undir Bröttubrekku.

Ágætu félagar – hvernig byggjum við sterk samfélög?

Í heiminum eru um 120 milljónir manna á flóttu.

Stríð og náttúruhamfarir, hvort sem það eru flóð eða þurrkar, hörmungar vegna ótryggs stjórn málaástands, hrekja fólk af stað, rétt eins og allir þeir Íslendingar sem fóru Vestur um aldamótin 1900, **er fólk að leita að betra lífi**.

Það eru ekki bara gamlar kommakerlingar eins og ég sem halda því fram að við þurfum að **fagna fólki sem kemur og leggur okkur lið** við að byggja upp betra samfélag.

Meira segja þeir sem stýra stofnunum eins og Alþjóða gjaldeyrissjóðnum, segja að ef við **aukum ekki jöfnuð** í heiminum og gefum flóttafólki tækifæri, **þá muni verða heimstyrjaldir**.

Það eru nægir fjármunir til, það þarf bara að skipta þeim réttlátlega.

Því fyrr sem við áttum okkur á þessu, því meiri líkur eru á því að okkur takist að skapa, frið jafnrétti og bræðralag.

Gaman væri að lifa það að sjá að öll heimsins börn eru systkin í sterku samfélagi.

